

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Miðtónfræði M2 - númer

Haustönn 2022

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkrör: M1

Hæfniþrep

Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Hér læra nemendur um allt það sem þarf að nema til að ljúka við miðstig í tónfræðagreinum. Mikill tími fer í þjálfun og þá endurtekningu sem fylgir tónheyrnarnámi. Það er heyrnargreining og upprit á öllum tónbilum innan áttundar, söngur, endurtekning laglínú eftir heyrn og upprit á ca. 4-6 takta laglínú í dúr eða moll í einf. takti þar sem punkterað eða tvídeilt slag getur komið fyrir, ellegar í 6/8 með allt að þrídeildu slagi. Unnið er á sama hátt með hryndæmi þar sem rytminn er flóknari. Tóndæmi eru form-, vef- og stílgreind, notkun á öllum helstu ítölsku tónlistarorðum skoðuð og tónblær mism. raddgerða og flestra hljóðfæra og hljóðfærahópa í almennri notkun. Farið er í allar gerðir dúra og molla, kirkjutóntegundir, pentatón- og heiltóna-tónstiga, aðalendi, aðalþríhljóma og tónflutning. Ennfremur er greining takvísá og hryns út frá nótnaskrift könnuð. Nemandi þarf að skila valverkefni í áfanganum og er það í flestum tilfellum ritgerð eða vefsíða um tónlistartengt efni eða þá frumsamið lag.

### Námsmarkmið:

#### Pekking:

Nemandi þekki hvernig dúrar og mollar kirkjutóntegundir, pentatón- og heiltóna-tónstigar og aðalþríhljóma eru skráðir og greindir. Hann þekki einnig til aðalendis og greiningar aðalþríhljóma í hljómferli, þekki hvað tónflutningur er og hvaða ritreglu gilda um hann í nótnaskrift. Hann þekki öll ítölsk tónlistarorð sem nýtast við almenna tónlistariðkun. Ennfremur þekki hann einkenni: Raddgerða, hljóðfærablæs flestra almennra hljóðfæra (og lykla sem þau eru skráð í), algengra forma, vefs og helstu stíltengunda sem heyrast í dag. Hann þekki vel til hvernig hann þjálfar sig í tónheyrninni sem hann stundar og gerir sér einnig vel grein fyrir hvernig hún styrkir hann í tónfræði og öfugt.

#### Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í greina öll tónbil innan áttundar eftir heyrn og skrá þau á nótnastreng. Ennfremur í að syngja, endurtaka eftir heyrn eða upprita ca. 4-6 takta laglínú í dúr eða moll í einföldum takti þar sem punkterað eða tvídeilt slag getur komið fyrir, eða þá í 6/8 með allt að þrídeildu slagi. Hann þarf að hafa öðlast lipurð í að endurtaka eftir heyrn og upprita, hrynni úr nokkurra takta melódíu þar sem slag eða hálf slag gæti verið punkterað eða synkóperað, slag tví/fjórdeilt eða þá sexdeilt í samsettum takti. Og jafnframt í að lesa samsvarandi hrynn beint af blaði. Hann þarf að hafa öðlast færni í að formgreina tóndæmi og staðsetja þau í stíltengundir, greina gerð tónvefs, tengja viðeigandi ítölsk orð við tónferli, og að þekkja tón sem flestra raddgerða, hljóðfæra og hljóðfærahópa í almennri notkun. Og skrifa rétt upp og greina eftir heyrn allar gerðir dúra og molla, kirkjutóntegundir, pentatón- og heiltóna-tónstiga. Auk þess hafa öðlast færni í að skrifa upp aðalþríhljóma og greina þá á blaði, geta tónflutt lög með réttum skrifmáta, og heyrnargreint og skráð aðalendi.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér átt við sem flestar tegundir tónlistar þar sem ekki er einblínt á eina tegund tónlistar í náminu. Einnig telst nemandi nú hæfur og í rauninni vel undirbúinn til að hefja nám í hljómfræði.

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Námsgögn:

Nótnaskrifbækur, vinnublöð sem nemandi fær í tínum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg tónheyrnarverkefni		40%
Valverkefni		40%
Hrynestur		10%
Sönglestur		10%

## Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. Sept 2022)	Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Farið yfir nauðsynleg námsgögn vetrarins. Upprifjun efnis úr M1	
2. vika (12. – 16. Sept 2022)	Frekari upprifjun á efni úr M1 áfanganum. Farið m.a. yfir aðferðir við að þekkja og skrá formerki í öllum dúrum, hreinum mollum og kirkjutóntegundum.	
3. vika (19. – 23. Sept 2022)	Farið í skrifleg atriði eins og greiningu taktvísa og hryns út frá nótnaskrift. Einnig sungið og hrynesið og tóndæmi upprituð eftir heyrn.	
4. vika (26. – 30. Sept 2022)	Þríhljómar skoðaðir og mismunangi bygging þeirra og greining. Aðalþríhljómar kannaðir og greindir í hljómferli. Aðalendir sömuleiðis. Einnig farið vel í söng laga í molltóntegund.	
5. vika (3. – 7. Okt 2022)	Hlustun og greining á ýmsum tóndæmum tengdum ákveðnum stílskeiðum. Í rytma eru synkópur eru skoðaðar vel, hvernig ber að greina þær og spila.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

6. vika (10. – 14. Okt 2022)	Hlustun og greining á ýmsum tóndæmum tengdum ákveðnum stílskeiðum. Fjallað stuttlega um íslenska tónlist með samstígum Sundum og stöðu Jóns Leifs í íslenskri tónlistarsögu.	
7. vika (17. – 21. Okt 2022)	Farið í örstuttu máli yfir allra helstu stíltegundir dægurtónlistarsögunnar. Tóndæmi leikin og rakin til þeirra	
8. vika (24. – 28 Okt 2022)	Farið í notkun og merkingu ítalskra tónlistarorða fyrir miðstig. Einnig eru mismunandi raddgerðum gerð skil. Minnt á skil valverkefnis og rætt um hvað einkenni gott valverkefni.	
9. vika (31. Okt – 4. Nóv 2022)	Tónheyrn í forgrunni einkum hrynestur, hrynumprit og laghrynnur endurtekinn eftir heyrn. Tónstigar ritaðir upp og tónbil greind á blaði og eftir heyrn.	
10. vika (7. – 11. Nóv 2022)	Tónheyrn í forgrunni einkum söngur, lagupprit og laglína endurtekin eftir heyrn. Aðalþríhljómar kannaðir og greindir í hljómferli.	
11. vika (14. – 18. Nóv 2022)	Farið í flest þeirra atriða sem koma fram í áfangalýsingunni, stuttlega í hvert og verkefni leyst þar að lútandi.	
12. vika (21. – 25. Nóv 2022)	Farið í flest þeirra atriða sem koma fram í áfangalýsingunni, stuttlega í hvert og verkefni leyst þar að lútandi	
13. vika (28.Nóv – 2. Des 2022)	Farið í flest þeirra atriða sem koma fram í áfangalýsingunni, stuttlega í hvert og verkefni leyst þar að lútandi.	

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

14. vika (5. – 9 Des 2022)	Hljómgerðir þríhljóma rifjaðar upp, bygging þeirra blær og skráning. Rætt um hvernig semja má sannfærandi hryndæmi. Söngur og hrynllestur iðkaður og laglína og laghrynnur endurtekinn eftir heyrn.	
15. vika (12. – 16. Des 2022)	Hlustað á þau lög sem samin hafa verið sem valverkefni og rætt um önnur. Annars farið í þau atriði sem nemendur óska eftir að sé sinnt betur og þeim finnst að þurfi frekari vinnslu	Skil á valverkefni
16. vika (19. – 22. Des 2022)	Jólatími, eitthvað skemmtilegt gert.	